

Nd.

12. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til að endurskoða lög um eftirlit með skipum, nr. 93 3. maí 1935.

Flm.: Ísleifur Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd, er endurskoði lög nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum, og leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um breytingar á þeim, er tryggi betur framkvæmd laganna og feli í sér refsíákvæði gagnvart skipaskoðunarmönnum, ef þeir vanrækja starf sitt. Leiti nefndin álits allra sjómannafélaga í landinu um, hverskonar breytingar séu nauðsynlegar. Sem bráðabirgðaráðstöfun felur deildin atvinnumálaráðherra að áminna alla skipaskoðunarmenn að rækja störf sín betur.

Greinargerð.

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu um bátstapa og bátsskaða fyrstu 9 mánuði ársins 1937, sem Slysavarnafélag Íslands hefir látið mér í té, hafa 3 vélbátar sokkið í hafi af völdum skyndilegs leka, svo að eigi hafðist við að dæla. Í öllum þessum tilfellum var veður eigi verra en það, að af því gat skaðinn ekki hlotið. Mun óhætt að fullyrða, að bátarnir hafi verið óhæffir, er þeir létu úr höfn, og full ástæða til að ætla, að um vanrækslu á eftirliti bátanna af hálfu skipaskoðunarmanna hafi verið að ræða.

Til þess að koma í veg fyrir slys, sem stafa af vanrækslu í útbúnaði skipa, hlýtur því að verða að herða á lögnum um eftirlitið, að það sé ekki af handahófi, og er tilætlunin með þingsályktuninni sú.

Nánar í framsögu, ef þörf gerist.